

heldur til yfirtollstjórnarinnar, og skuli hún safna leiðarbrjefunum, og skila þeim við hver árslok.

1855.
31. Janúar.

Stjórnin svarar þessu þannig:

1. Þar eð það, eptir lögunum 15. apr. f. á. 4. og 5. gr., er ekki nauðsynlegt, að hvert skip, sem á að fara til Íslands frá innlendum stað, hafi keypt íslenzkt leiðarbrjef, en því er sett í sjálfs vald að kaupa leiðarbrjef, þegar það kemur til Íslands, eða á einhverjum þeim stöðum, sem til eru greindir í 5. gr. laganna, hlýtur skylda sú, sem lögð er skipstjórum og tollþjónum á herðar í opnu brjefi 7. marz 1787 5. gr., að vera fallin burtu að því leyti; þar á móti gildir það fyrir skipstjóra þá, er koma frá Íslandi, framvegis eins og hingað til, að því leyti, sem þeir eiga, þegar ferðin er búin, að skila leiðarbrjefi, því sem þeir hafa fengið, eða að þeir eiga að láta teikna á það, að þeir hafi sýnt það, ef að brjefið gildir líka fyrir ferðina aptur til Íslands (sbr. lög 15. apr. f. á. 4. gr., 2. klausu).

2. Þar eð skipað hefur verið, eins og yfirtollstjórnin hefur dregið á, að senda þessi eptirrit til stjórnarinnar, einkum til að nota þau í lýsingum á landshag, sem nú er gjört á annan hátt, fellst stjórnin á, að þessu sje hætt framvegis.

3. Stjórnin áltur rjettast, að hin íslenzku leiðarbrjef, sem skilað er á tollstöðunum, sjeu send sjer, til þess að hún geti haft nægar gætur á, að leiðarbrjefin sjeu ekki notuð ólöglega, bæði þessi og þau sem send eru frá Íslandi, en fjellst á það ásamt með yfirtollstjórninni, að hentast væri, að hin fyr nefndu verði framvegis send frá tollstöðunum til yfirtollstjórnarinnar og þaðan til innanríkisstjórnarinnar um hver árslok.

4. Brjef innanríkisstjórnarinnar til deildar hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn um að hún megi prenta lög og úrskurði stjórnarráðanna. 31. Janúar.

Deild hins íslenzka bókmenntafjelags í Kaupmannahöfn hafði sótt um að mega prenta hið merkasta af konungsúrskurðum, brjefum stjórnarráðanna o. s. frv. er við kemur Íslandi.

1855.

Stjórnin svarar: að hún hafi ekkert á móti því, að fjelagið 31. janúar. gefi þetta út, eptir nákvæmari ákvörðun forstjóra hinnar íslensku stjórnardeildar.

5. Opið brjef um fjölgun þingstaða í Árnessýslu.

Vjer Friðrik hinn Sjöundi, o. s. frv. gjörum kunnugt: að eptir að Vjer höfum meðtekið álitsskjal alþingis um frumvarp, er fyrir það hefur verið lagt til fjölgunar þingstaða í Árnessýslu, hefur Oss þóknast að skipa fyrir á þessa leið:

Í Árnessýslu skal taka upp hina fornu þingstaði í hreppum þeim, sem hjer segir: á Nesi fyrir Selvogshrepp, Stokkseyri fyrir Stokkseyrarhrepp, Gaulverjabæ fyrir Gaulverjabæjarhrepp, Stóru-Sandvík fyrir Sandvíkurhrepp, Vælugerði fyrir Villingaholtshrepp, Hraungerði fyrir Hraungerðishrepp, Húsatóptum fyrir Skeiðahrepp og Stóranúpi fyrir Gnúpverjahrepp. Og skulu hrepps-búar í hverjum þessara hreppa skyldir til, eptir fyrirmælum sýslumanns, að byggja ný þinghús, svo væn og rúmgóð, að ekki verði neitt að þeim fundið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir þessu opna brjefi:

Með úrskurði 22. maí 1853 fjellst konnugur á, að frumvarp innanríkisstjórnarinnar til opins brjefs um fjölgun þingstaða í Árnessýslu væri lagt fyrir alþing er haldið var það ár, og tók alþingið málið til meðferðar á lögskipaðan hátt, og sendi konungsfulltrúa síðan álitsskjal þingsins til stjórnarinnar með sínum athugasemdum.

Frumvarp þetta fór fram á, að af þeim 5 hreppum, sem nú eiga þingstað í Hróarsholti, það er að skilja Villingaholts, Hraungerðis, Gaulverjabæjar, Stokkseyrar og Sandvíkur hreppar, skyldu 2 hinir fyrst nefndu framvegis eiga þingstað í Hróars-holti, en Gaulverjabæjarhreppur þar á móti eiga þingstað sjer í Gaulverjabæ, og Stokkseyrar- og Sandvíkurhreppar á Eyrar-